


Deloitte.



Fjármálastjórákonnun Deloitte

Haust 2019

Dregið hefur úr svartsýni íslenskra fjármálastjóra

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfis. Þetta er í tólfta sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í fjórða skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu (Europe, Middle East and Africa). Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 19 EMEA löndum, þar sem við á.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í september síðastliðnum og viljum við þakka þeim sem tóku þátt kærlega fyrir.



Væntingar til reksturs

- Almennt telja íslenskir fjármálastjórar (63%) að fjárhagslegar horfur hafi verið nokkuð óbreyttar á síðustu þremur mánuðum. Ísland hefur neikvæða nettó stöðu (-7%), þ.e. hlutfallslega fleiri telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað frekar en batnað á síðustu þremur mánuðum. Var sama hlutfall neikvætt um 37% fyrir sex mánuðum síðan og hefur því dregið úr svartsýni. Nettó viðhorf fjármálastjóra á EMEA svæðinu mældist einnig neikvætt (-17%).
- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun tekna næstu 12 mánuði hefur dregist örlítið saman frá því síðastliðið vor en er jákvætt um 21%. Nettó viðhorf gagnvart þróun EBITDA og fjárfestinga hefur aukist og er jákvætt um 12% fyrir framlegð en neikvætt um 13% fyrir fjárfestingar.
- Nettó viðhorf til ráðninga nýrra starfsmanna hefur lítið breyst frá því í vor (-34%). Hlutfall fjármálastjóra sem telja að aukning verði í ráðningum mældist með því lægsta á Íslandi (12%) en það var einungis lægra í Bretlandi (3%).
- Nettó viðhorf gagnvart þróun helstu lykilstærða (tekna, framlegðar fjárfestingar og ráðningu starfsmanna) hefur dregist saman á EMEA svæðinu sl. sex mánuði. Nettó viðhorf er neikvætt fyrir allar stærðir, að undanskildu nettó viðhorfi til tekna. Nettó viðhorf til EBITDA er neikvætt í fyrsta skipti frá því könnunin var fyrst framkvæmd á haustmánuðum 2014.



Óvissa og áhætta

- Meirihluti fjármálastjóra á Íslandi (69%) telur sig standa frammi fyrir eðlilegri fjárhagslegri og efnahagslegri óvissu. Innan EMEA svæðisins telja 69% fjármálastjóra að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé mikil.
- Áhættuvilji íslenskra fjármálastjóra mældist meðal þeirra lægstu (10%), aðeins þrjár þjóðir á EMEA svæðinu, Þýskaland, Tyrkland og Bretland, mældust lægri.



Markaður og efnahagur

- Um 34% fjármálastjóra telja að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum samanborið við 11% síðastliðið vor.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabankans of háa hefur ekki mælst lægra en nú (57%).
- Rúmlega helmingur fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum (52%). Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja.
- Niðurstöður benda til þess að íslensk fyrirtæki muni leitast við að halda skuldsetningu óbreyttri á næstu 12 mánuðum (53%) eða draga nokkuð úr henni (32%).



Viðbrögð við loftslagsbreytingum

- Aðeins 25% íslenskra fyrirtækja hafa sett sér markmið um losunarskerðingu (e. emission reduction) til samræmis við Parísarsamkomulagið. Um 14% hafa sett sér sín eigin markmið varðandi losunarskerðingu.

Þátttakendur

Velta og atvinnugreinar


- Þátttakendur eru fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja. Helmingur þátttakenda starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári.
- Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja sem starfa í verslun og þjónustu.

Þátttakendur á EMEA svæðinu

- Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu. Niðurstöður endurspeglar þannig viðhorf tæplega 1.400 fjármálastjóra í 19 löndum þar sem við á.
- Meðaltal niðurstaðna EMEA landa er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.
- Löndin í EMEA hópnum eru Austurríki, Belgía, Sviss, Þýskaland, Danmörk, Spánn, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rússland, Svíþjóð, Tyrkland og Bretland.
- Frekari upplýsingar um niðurstöður EMEA, sem og fyrri kannanir, má finna á [heimasíðu Deloitte](#).


Hver var velta fyrirtækis þíns á síðasta ári?

Mengi svarenda á Íslandi



Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Mengi svarenda á Íslandi




Væntingar til næstu 12 mánaða


Væntingar til reksturs

- Dregið hefur úr bjartsýni íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun tekna á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf hefur dvínað síðustu ár en er þó enn jákvætt, þ.e.a.s. fleiri fjármálastjórar búast við aukningu frekar en samdrætti í tekjum (21%).
- Nettó viðhorf gagnvart þróun tekna er neikvætt meðal fyrirtækja í tækni- og fjarskiptageiranum, byggingariðnaði og ferðapjónustu. Aftur á móti er nettó viðhorf jákvætt hjá fjármálafyrirtækjum og útflutningsgreinum. Fjármálafyrirtæki og útflutningsgreinar eru jafnframt jákvæðari á þróun EBITDA.
- Íslenskir fjármálastjórar sem telja að EBITDA muni aukast á næstu 12 mánuðum (41%) eru fleiri en þeir sem búast við samdrætti (29%). Hlutfallslega eru íslenskir fjármálastjórar bjartsýnni á þróun EBITDA en fjármálastjórar á EMEA svæðinu, þar sem nettó viðhorf er neikvætt (-7%).
- Nettó viðhorf fjármálastjóra á EMEA svæðinu til þróunar þessara lykilstærða hefur dregist verulega saman sl. sex mánuði. Nettó viðhorf til beggja stærða er í sögulegu lágmarki og er nettó viðhorf til þróunar EBITDA neikvætt í fyrsta skipti frá því að könnunin var fyrst framkvæmd á haustmánuðum 2014.

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Ráðningar og fjárfestingar


Ráðningar og fjárfestingar

- Viðhorf íslenskra fjármálastjóra til ráðninga nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er nánast óbreytt frá því í vor. Nettó viðhorf er neikvætt sem nemur 34%, þ.e.a.s. fleiri íslenskir fjármálastjórar telja að draga muni úr starfsmannafjölda frekar en að hann aukist á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf er neikvætt í öllum atvinnugreinum.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telja að aukning verði á starfsmannafjölda á næstu 12 mánuðum mældist með því lægsta á Íslandi en hlutfallið var einungis lægra í Bretlandi (3%).
- Fleiri íslenskir fjármálastjórar telja að draga muni úr fjárfestingum frekar en að þær aukist á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf er neikvætt sem nemur 13% en var neikvætt um 25% síðastliðið vor.
- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra á EMEA svæðinu gagnvart aukinni fjárfestingu, sem og ráðningum nýrra starfsmanna. Nettó viðhorf er neikvætt í báðum tilfellum og hefur hlutfallið lækkað verulega frá því í vor eða um 16 prósentustig fyrir fjárfestingar og 7 prósentustig fyrir ráðningu nýrra starfsmanna.
- Þriðjungur fyrirtækja í sjávarútvegi telja að fjárfestingar muni aukast á næstu 12 mánuðum. Tæplega helmingur fyrirtækja sem starfa í verslun og þjónustu sjá fram á að draga muni úr fjárfestingum.
- Nettó viðhorf til fjárfestinga er jákvætt meðal fyrirtækja í orku og auðlinda-, fjármála-, og sjávarútvegsgeira.

Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Fjárhagsleg áhætta


Óvissa og áhætta

- Um 69% fjármálastjóra á Íslandi telja fjárhagslega og efnahagslega áhættu eðlilega. Innan EMEA svæðisins meta 69% fjármálastjóra óvissuna mikla eða um 44 prósentustigum fleiri en á Íslandi. Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem metur óvissuna vera mikla hefur dregist saman um sjö prósentustig frá því síðasta haust.
- Aðeins 10% fjármálastjóra á Íslandi telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi. Hlutfall þeirra sem telja að nú sé góður tími til að taka áhættu er í sögulegu lágmarki á EMEA löndunum (18%).
- Einungis fjármálastjórar í Þýskalandi, Tyrklandi og Bretlandi hafa minni vilja til þess að taka áhættu. Á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið á bilinu 28%-32%.
- Gengispróun Íslensku krónunnar hefur verið nefnd sem stærsti ytri áhættuþátturinn í rekstri íslenskra fyrirtækja að mati fjármálastjóra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014.
- Aðrir stórir áhrifaþættir sem nefndir eru í könnuninni í haust eru vaxtastig og þróun einkaneyslu, sem og möguleg óvissa tengd stjórnámálum en 10 prósentustigum fleiri nefna þann þátt samanborið við haust 2018. Þá nefna 12 prósentustigum fleiri áhættu tengda netárásum sem áhrifaþátt.

Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?*




*Merkja mátti við fleiri en einn valkost.

Horfur og áherslur


Horfur og og áherslur

- Um 63% íslenskra fjármálastjóra telja að fjárhagslegar horfur séu nú svipaðar og fyrir þremur mánuðum síðan. Nettó viðhorf mældist neikvætt um 7% þ.e. fleiri fjármálastjórar telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað frekar en batnað. Nettó viðhorf var neikvætt um 37% fyrir sex mánuðum síðan.
- Nettó viðhorf fjármálastjóra á EMEA svæðinu var neikvætt í fyrsta skipti í fjögur ár í síðustu könnun (vor 2019) og hefur bjartsýni dregist enn meira saman síðan þá og nú er neikvætt um 17% (niður um 15 prósentustig).
- Á Íslandi stefna flest fyrirtæki á hagræðingu í rekstrarkostnaði, aukið sjóðstreymi og stækkun með innri vexti. Áherslur eru svipaðar og á undanförunum árum en hlutfall fjármálastjóra með áherslu á að stækka með innri vexti hefur dregist saman um 10 prósentustig á milli ára.

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?



Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?*




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost.

Fjármögnun

Fjármögnun fyrirtækja


- Um 23% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 32% telja hana óhagkvæma. Innan EMEA telja 68% fjármálastjóra lántöku hjá bönkum hagkvæma.
- Af fjórum fjármögnunarleiðum sem spurt var um var innri fjármögnun álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlandis. Í EMEA löndunum var lántaka hjá bönkum álitin hagkvæmst.
- Einungis 21% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu hlutfjár hagkvæma og aðeins 22% telja útgáfu skuldabréfa hagkvæma.
- Fjármálastjórar innan EMEA meta lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa og útgáfu hlutfjár talsvert hagkvæmari fjármögnunarleiðir en íslenskir fjármálastjórar.

Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




■ Ísland haust 2018 ■ Ísland haust 2019 ■ EMEA haust 2019

Hvernig metur þú útgáfu skuldabréfa sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




■ Ísland haust 2018 ■ Ísland haust 2019 ■ EMEA haust 2019

Hvernig metur þú innri fjármögnun sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?



■ Ísland haust 2018 ■ Ísland haust 2019 ■ EMEA haust 2019 ■ Ísland haust 2018 ■ Ísland haust 2019 ■ EMEA haust 2019


Hvernig metur þú útgáfu hlutfjár sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Fjármögnun fyrirtækja

- Undanfarin ár hefur stór meirihluti fjármálastjóra á Íslandi talið stýrivexti Seðlabankans of háa. Stýrivextir hafa lækkað um 125 punkta frá fyrri könnun og hefur hlutfall fjármálastjóra sem telja þá of háa lækkað um 31 prósentustig. Hlutfallið hefur aldrei verið lægra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd en það hefur að meðaltali verið í kringum 88% hingað til.
- Rúmlega helmingur íslenskra fyrirtækja stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri (53%). Tæplega þriðjungur (32%) stefna á að draga nokkuð úr skuldsetningu.
- Samanborið við niðurstöður könnunarinnar fyrir sex mánuðum síðan má sjá samdrátt í hlutfalli þeirra fjármálastjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis úr 17% í 11%.


Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa.



Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Um 44% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni haldast óbreytt á innlendum markaði á næstu sex mánuðum. Væntingar um hækkanir hafa aukist lítillega síðan síðastliðið haust.
- Um þriðjungur fjármálastjóra býst við auknum hagvexti á næstu tveimur árum sem er mun hærra hlutfall en niðurstöður undanfarna ára. Hlutfallið hefur aukist um 23 prósentustig frá því í vor.
- Rúmlega helmingur fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum (52%) sem er 41 prósentustigi hærra en síðastliðið haust. Um 37% fjármálastjóra telja að gengið muni veikjast samanborið við 76% haustið 2018.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi verði um 3,11% á næstu 12 mánuðum samanborið við niðurstöður í vor þar sem væntingar fjármálastjóra voru að meðaltali 4,01%. Íslenskir fjármálastjórar búast einnig við lægri verðbólgu á Evrusvæðinu þar sem verðbólguvæntingar hafa lækkað frá 1,50% í 1,25%.


Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir sex mánuði?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum.



Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar, frh.


Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (87%).
- Aðeins 16% íslenskra fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði.

Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?



Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði?



Viðbrögð við loftslagsbreytingum

Aðgerðir og markmið

- Íslensku niðurstöðurnar sýna að mestur þrýstingur um viðbrögð við loftslagsbreytingum kemur frá starfsmönnum, stjórnvöldum, stjórn og stjórnendum. Íslenskir fjármálastjórar finna lítinn eða engan þrýsting frá bönkum/lánveitendum og samkeppnisaðilum.
- Um helmingur íslenskra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni hafa gripið til eða hafa áform um að grípa til bættrar hagkvæmni orkunotkunar til þess að hafa stjórn á, draga úr/eða aðlagast loftslagsbreytingum.
- Svipaðar niðurstöður fást á EMEA svæðinu en um 70% segjast hafa gripið til eða hafa áform um að bæta hagkvæmni orkunotkunar. Þá eru 47% sem ætla eða hafa dregið úr kolefnislosun og um 40% sem hafa gripið til eða hafa áform um að auka notkun á endurnýjanlegum orkulindum.
- Meirihluti íslenskra fyrirtækja (75%) hafa ekki sett sér markmið um losunarskerðingu til samræmis við Parísarsamkomulagið samanborið við 51% fyrirtækja á EMEA svæðinu. Um 14% íslenskra fyrirtækja hafa sett sín eigin markmið um losunarskerðingu samanborðið við 27% fyrirtækja á EMEA svæðinu.

Hefur þitt fyrirtæki gripið til eða hefur áform um að grípa til einhverra af eftirfarandi aðgerðum til þess að hafa stjórn á, draga úr og/eða aðlagast loftslagsbreytingum?*



* Merkja mátti við fleiri en einn valkost.

**Ábyrgðaraðili:**

Lovisa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**

Haraldur I. Birgisson
Meðeigandi, forstöðumaður Viðskipta- og markaðstengsla

Sími: 822-7570
hib@deloitte.is

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga. DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar spannar meira en 150 lönd og landsvæði. Hjá Deloitte starfa um 312.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).